



Árshátid 2015



Grunnskólinn á Þórshöfn




Frá skólustjóra

Hingað erum við komin til þess að fagna saman, skólaári sem senn er liðið, vinnu og afrakstri vetrarins.

Árshátíðin er stór viðburður í öllu skólastarfinu og undirbúningur fyrir hana hefur staðið í margar vikur. Ákveðið var á kennarafundi að þema hennar væri að þessu sinni, draumar og veruleiki og einkennast öll verkin sem krakkarnir flytja af hvort heldur dagdraumum eða draumum sem vitja okkar í svefni.


Í vetur var leiklistarval í boði fyrir krakkana og hefur Árni Davíð stýrt þeim í gegnum það þrekvirki að semja og setja upp tvö leikrit og það er sérlega ánægjulegt að sjá hve vel samstarf Grunnskólans á Þórshöfn og Grunnskólans á Bakkafirði hefur tekist þegar við horfum á hann Ríkharð bjarga heiminum.

Nú er stund til að fagna afrakstrinum. Við eigum öll saman þessa árshátíð, foreldrar, nemendur og starfsfólk. Allir leggja mikið á sig til þess að sem best megi til takast. Það er einlæg von mín að við eigum hér notalega stund saman en það er stoltur skólustjóri sem fylgist með nemendum og starfsfólki leiða okkur inni í draumaheima. Megi þið vel njóta! Góða drauma!



Andirbúningur





Hvað eru draumar?

Höfundur: Þóra Elfa Björnsson

Sagt er að alla dreymi og það marga drauma sömu nóttina. Langflestir draumarnir gleymast og því virðist hugurinn ekki festa þá í langtímaminninu, þeir hverfa án þess að nokkuð sé eftir sem minnir á þá. Einstöku draumur virðist sterkari en aðrir og ef dreymandinn verður ekki fyrir truflun í svefnrofunum situr þessi draumur eftir um örskotsstund. Ef hann er hugleiddur og farið strax yfir atburðarásina má festa hann sér í minni en langbest er að hripa aðalatriðin á blað.

Draumar geta verið heillandi og gefið sterka þægileika- og öryggistilfinningu. Stundum segir fólk þegar vel gengur: Þetta er eins og draumur. En draumar geta líka verið ógnvekjandi og þá er gott að hafa í huga að ljótur draumur getur stafað frá þungmeltum mat eða glápi á ofbeldisfullt myndefni.

Svo lengi sem sögur fara af hafa menn reynt að ráða framúr táknum drauma. Hver draumráðning er persónubundin og ekki er víst að merkingar tákanna séu þær sömu frá manni til manns. Margir leita að forsögn um framtíðina í flóknum draumtáknum, aðrir eru svo berdreymnir að þeir segja fyrir að morgni um viðburði dagsins. Í viðtölum við sjómenn má iðulega lesa frásagnir af því hvernig draumar hafa haft áhrif á fiskisæld þeirra og einnig varað þá við aðsteðjandi hættum.

Hver þekkir ekki hvernig það er að sofna út frá þungum áhyggjum en dreyma síðan skíra og einfalda lausn á vandamálunum. Mörg




dæra nafna verið tekin af rithöfundum og hugvitsmönnum sem
verið að brjóta heilann um erfitt viðfangsefni undir svefnin
en lausnin birst þeim í draumi. Slíkt er talið sanna að
undirmeðvitundin sé að störfum í svefninum og fari þá sínar eigin
leiðir við úrlausn vandans.

Draumar geta verið uppgjör við fortíðina, nokkurs konar
sáttagjörð eða tilraun til að greiða úr djúpstæðum flækjum sem
hafa áhrif á persónuleika dreymandans. Grunnurinn að vellíðan á
fullorðinsárum er lagður í bernsku en ýmsar kenningar halda því
fram að í viðbót við uppeldisáhrifin beri manneskjan í sér ýmsar
leyndar hliðar sem eru bæði góðar eða vondar. Í þessari skyggðu
tilveru getur ýmislegt leynst sem ekki hefur fengið að dafna en
getur brotist út í draumum. Þetta geta verið atriði sem við eigum
erfitt með að sætta okkur við hjá okkur sjálfum eða í hegðum og
gjörðum annarra og þvælast ósjálfrátt fyrir, kannski sem fordómar,
kannski sem bæling á persónuleikanum. Þessi atriði eiga það til að
lita draumana og stýra þeim en með æfingu er hægt að ráða
táknin. Þetta er sagt svipað og að lesa skaphöfn fólks út úr rithönd
þess. Hver og einn ber sín sérkenni og þess vegna er mjög erfitt
fyrir aðra en þá sem þekkja viðkomandi mjög vel að ráða slíka
drauma.

Reynt hefur verið að skipta draumum í flokka eins og til dæmis
ráðgefandi draumar, forspár eða aðvörunar draumar, tilvísandi og
upplýsandi draumar. Það getur tekið langan tíma að læra að
flokka draumana sína og það tekur líka tíma og þolinmæði að ná
æfingu í að ráða þá.

Af vefnum draumur.is





1. og 4. árgangur



Tímaþjófurinn eftir Áslaugu Jónsdóttur í leikgerð kennara í 1. - 4. árgangi. Þegar pabbi skreppur frá til að sækja mömmu er strákur aleinn heima með bangsa sér til halds og trausts. En það er hægara sagt en gert að hughreysta bangsa sem óttast óboðna gesti eins og Hrekkjasvínið, Hræðslupúkann, Tímaþjófinn, Öskurapann, Ólátabelgur, Frekjuhundinn og ótal fleiri furðuskepnur.

Krakkarnir gæða hér skemmtilega bók Áslaugar Líf og ljóst er að margt getur gerst í draumheimi sem ekki gerist á meðan við





5. og 6. árgangur



Það var einu sinni drengur eftir Stefán Jónsson er hér sett á fjalirnar í leikgerð Ingveldar Eiríksdóttur. Ljóðið birtist í Hinu unga Íslandi 1944 og er því komið vel til ára sinna. Leikgerðin hlaut nafnið Pennastokkur læknir enda leikur hann stórt hlutverk martröð Gunnars, skrópusjúklings.

Skólabækurnar hans Gunnars vakna til lífsins þegar stráks er enn einn daginn heima veikur—eða feikur eins og krakkarnir kalla það í dag.

Stefán Jónsson var vel þekktur rithöfundur og þekktastur er hann vafalítið fyrir barnasögur sínar, t.d. Sagan hans Hjalta litla sem mörg okkar eldri höfum lesið. Hann samdi einnig Guttavísur og Aravísur.





Leiklistarbai



Í sland hefur hæfileika er eftir leiklistarvalið, þau Bergþóru, Sonju, Elías, Ingu, Helga Snæ, Þórhall, Mikka, Mansa, Arnar og Árna Davíð.

Þar leggur fjölskylda frá Bíldudal land undir fót til þess að bjarga fjárhag sínum sem virðist standa ansi tæpt. Móðirin hefur skóað sit upp og því albúin í ferðalagið, sem og amman sem hefur nýverið lært að taka selfies og getur ekki hætt. Drengurinn ætlar að sigra heiminn með dansi sínum en áform fjölskyldunnar fara heldur á annan veg en í upphafi var ætlað.






Leiklístarbaj



Ævintýri Ríkhars er eftir leiklistarvalið, þau Svanhildi, Natalíu, Stefaniú, Klöru, Mansa og Árna Davíð. Þar sofnar hann Ríkharður í kennslustund og dreymir ótrúlega bardaga við dreka, nornir og hirðfífl kemur meira að segja við sögu! Allt fer vel á endanum og Ríkharði tókst að bjarga málunum. Hvað kennaranum fannst um draumfarinar látum við ósagt. Á tökkunum er Njáll og sviðsmaður er Alvin.







Dagskrá

1. - 4. árgangur

Gott kvöld

Áslaug Jónsdóttir

[Atriði frá Tónlistarskólanum:](#)

Steinfríður flytur

Mýfluguna

Ungverskt þjóðlag

Katrín Sól og Bjarney flytja

Í Hlíðarendakoti

Friðrik Bjarnason

Katrín flytur

La Cumparsita

Rodriguez

[Skáldakynning og ljóðalestur](#)

5. - 6. árgangur

[Pennastokkur læknir](#)

Stefán Jónsson

[Atriði frá Tónlistarskólanum:](#)

Birkir, Benjamín, Heiðmar
Njáll

Guttavísur

Carl M. Bellemann
Skoskt þjóðlag

Leiklistarval

[Ísland hefur hæfileika](#)

Leiklistarval

[Ævintýri Ríkharðs](#)

7.—8. bekkur


Söngur

[Heiðursorður Nemendafélagsins](#)

[Vöflukaffi](#)

20:00 - 22:30

Dansleikur Nemendafélags Grunnskólans á
Þórshöfn. Frágangur er til 23:00



Velkomín til okkar!





Framan á bæklingnum má sjá draumagildru en þær eru upprunnar frá Indjáním í Ameríku. Ömmur og afar gerðu gjarnan draumagildrurnar og þær voru hengdar yfir vöggu nýfæddra barna þannig að þau myndi dreyma vel.

Góðir draumar rata auðveldlega í gegnum draumagildruna en martraðir og vondir draumar komast þar ekki í gegn heldur festar þar og komast ekki í burtu fyrr en sólin leysir þá upp og þeir hverfa.

Að dreyma veislu

Dreymi þið að þú sitjir dýrlega veislu ásamt vinum þínum og veisluföngin eru ríkmannleg, boðar það áhyggjulitla daga. Ef veislan heldur áfram þar til allt er upp urið er það fyrir mótlæti. Sama má segja ef veislan fer fram með miklum bægslagangi.

Myndir tók að mestu Hrafngerður Ösp á æfingum

Bæklinginn vann Ingveldur Eiríksdóttir

Bestu þakkir til ykkar allra sem aðstoðuðu allt frá Ísfélaginu til leikskólabarnanna sem komu að sjá Pennastokk lækni í dag.